

Ár 2012, fimmtudaginn 4. apríl kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Iðnaðarráðuneytinu frá 23. mars 2012.**

Í bréfinu er kynnt skipun nefndar sem móta á stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um.

Bæjarráð felur skipulags- og byggingafulltrúa að koma sjónarmiðum Hveragerðisbæjar á framfæri við nefndina varðandi nauðsyn þess að raflínur sem liggja í gegnum framtíðar íbúðar og iðnaðarsvæði hér í Hveragerði verði lagðar í jörðu.

**1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 21. mars 2012.**

Með bréfinu fylgdi skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Lagt fram til kynningar.

**1.3. Nefndarsviði Alþingis ódagsett.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslu frá ríki til sveitarfélaga.

Bæjarráð fagnar því að setja eigi fram heildstæða, markvissa og tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga. Um leið lýsir bæjarráð því yfir að undir engum kringumstæðum megi flytja fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga fyrr en endurmat á reynslu af flutningi málefna fatlaðra hefur farið fram. Slik endurskoðun verður framkvæmd árið 2014. Reynsla Hveragerðisbæjar af flutningi málefna fatlaðra er sú að greiðslur þær sem sveitarfélagið fær vegna yfirfærslunnar duga ekki fyrir þeim útgjöldum sem þegar voru til staðar. Með nýjum reglugerðum og lögum sem sveitarfélögunum er nú gert að uppfylla mun þessi kostnaður aukast enn frekar. Flutningur heilsugæslunnar er því ekki tímabær frekar en málefni aldraðra fyrr en ljóst er hvernig ríkisvaldið hyggst mæta þeim aukna kostnaði sem íþyngjandi lagaákvæði valda sveitarfélögunum.

**1.4. SASS frá 15. mars 2012.**

Í bréfinu er rætt um afslátt til námsmanna vegna almennings-samgangna og sölu farmiða.

Lagt fram til kynningar en bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur þegar markað þá stefnu að veita námsmönnum afslátt af persónubundnum íbúakortum Strætós.

**1.5. Þjóðskrá Íslands frá 26. mars 2012.**

Í bréfinu er kynnt að afgangur af Þjóðskrár Íslands á Selfossi verði lokað frá og með 1. maí 2012.

Lagt fram til kynningar.

**1.6. Umhverfisstofnun frá 21. mars 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum frá Hveragerðisbæ vegna nýs starfsleyfis fyrir fiskeldi Íslandsbleikju að Öxnalæk.

Bæjarráð felur skipulags- og byggingafulltrúa að svara erindinu.

**1.7. Vinnumálastofnun frá 28. mars 2012.**

Í bréfinu er kynnt áttak til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur næsta sumar með líkum hætti og hefur verið sl. tvö sumur.

Lagt fram til kynningar.

**1.8. Jóhanni Ísleifssyni frá 17. mars 2012.**

Í bréfinu er gerð athugasemd við að land Hveragerðisbæjar á Fagrahvammsvíni sé nýtt sem þjónustusvæði í ferðaiðnaði.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er tjaldsvæði Hveragerðisbæjar deiliskipulagt sem slíkt en bréfitari var nefndarmaður í skipulagsnefnd þegar umrætt skipulag var samþykkt. Bæjarráð telur að nýting á Fagrahvammsvíninu sé í fullu samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag. Við skoðun á skipulagi umrædds svæðis kom aftur á móti í ljós að framkvæmdir við garðyrkjjustöð í Fagrahvammi eru í ósamræmi við gildandi deiliskipulag auk þess að ekki hefur verið gefið út byggingaleyfi fyrir gróðurhúsi á lóð 210716. Skipulags- og byggingafulltrúa er falið að ræða við bréfitara vegna þessa.

**2. Fjárhagsleg málefni:****2.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna parketsgólfs á íþróttahús.**

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrú dagsett 21. mars 2012 vegna lagningu parketsgólfs á íþróttahús Hveragerðisbæjar, Skólamörk.

Bæjarráð samþykkir tillögur menningar- og frístundafulltrúa enda

falli greiðslur vegna framkvæmdanna á árin 2013 og 2014 en framkvæmdirnar eru á þriggja ára áætlun árið 2013.

Róbert Hlöðversson lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirritaður samþykkir að bæjarsjóður verji rúmlega 10 mkr. til að parketleggja íþróttasal íþróttahúss Hveragerðisbæjar við Skólamörk. Ekki er annað í stöðunni eigi áfam að vera mögulegt að halda körfuknattleikmót í bæjarfélaginu og jafnframt uppfylla 5. gr. reglugerðar KKÍ um slík mót, en þar er gerð krafa um að þau fari fram á parketgólfi. Þó ber að hafa í huga að íþróttahúsið er fyrst og fremst skólamannvirki og því mikilvægt að tryggt sé að sátt ríki um þessa framkvæmd innan skóla-samfélagsins. Jafnframt er bent á að hafnar eru framkvæmdir við 400 mkr. loftborið æfingahýsi við Grýluvöll en þar á að vera íþróttagólf fyrir inniþróttir auk gervigrasvallar fyrir knattspyrnu. Ætla mætti að þessi framkvæmd leysti parketgólfavandamál körfuknattleiksmanna. Svo er þó ekki því rakastig hýsisins leyfir ekki að þar inni séu hægt að hafa parketgólf. Loftborna æfingahýsið mun því einungis nýtast körfuknattleiksmönnum til æfinga en ekki mótshalds. Þetta er enn ein staðfestingin á takmörkuðum nýtingarmöguleikum þessa fordæmislausa mannvikis.

Róbert Hlöðversson

2.2. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna viðhalds á húsnæðinu að Birkimörk 21-27.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa dagsett 21. mars 2012 vegna viðhalds á Birkimörk 21-27, heimili fyrir fatlaða.

Bæjarráð samþykkir að farið verði í lágmarksviðgerð á flísalögn innanhúss. Aðrar viðhaldsframkvæmdir bíði ákvörðunar í fjárhagsáætlun 2013.

2.3. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna hverfisverndar.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa dagsett 20. mars 2012 vegna húsa og trjáa í Hveragerði sem njóta hverfisverndar.

Bæjarráð samþykkir tillögur skipulags- og byggingarfulltrúa og felur honum útfærslu á merkingum í samræmi við þær.

2.4. **Minnisblað frá bæjarstjóra vegna gatnagerðar Hverahvammi.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 2. apríl 2012 vegna kostnaðar við lagningu bundins slitlags að Gistiheimilinu Frosti og funa, Hverahvammi.

Bæjarráð samþykkir að lagning bundins slitlags að Gistiheimilinu Frosti og funa verði boðin út samhliða göngustíg að Grýluvelli.

**3. Tæknileg málefni:**

**3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna umhverfisverðlauna 2012.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 22. mars 2012 vegna umhverfisverðlauna 2012.

Bæjarráð ræddi um umhverfisverðlaunin og tók ákvörðun um það hver hlyti þau í ár. Viðurkenningin verður veitt á Sumardaginn fyrsta á Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum af forseta Íslands.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

**4.1. Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. mars 2012.**

**4.2. Eignarhaldsfélagi Suðurlands frá 22. mars 2012.**

**4.3. Landspings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. mars 2012**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:59

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)